

ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

Veiðifélag Þverár í Borgarfirði

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006

um lax- og silungsveiði:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi

Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Ár 2013, föstudaginn 23. ágúst kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman í Reykjavík. Mættir voru Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélag Þverár í Borgarfirði.

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 10. apríl 2011, fór Veiðifélag Þverár í Borgarfirði fram á það við matsnefnd að fram færi endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins. Var beiðnin sett fram eftir að krafa þar um kom frá eigendum Kaðalstaða I til félagsins. Í framhaldi þessa, og í samræmi við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar.

2. Matsfundur

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn laugardaginn 13. október 2012 í veiðihúsi veiðifélagsins við Helgavatn og var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Veiðifélag Þverár í Borgarfirði. Upplýsti nefndin hvaða þættir það eru sem geta varðað matskostnað og um heimildir matsnefndarinnar til að úrskurða um matskostnað og skiptingu hans á aðila.

Á fundinum kynnti formaður veiðifélagsins að Veiðimálastofnun væri að vinna ítarleg gögn um veiði og búsvæði þar sem framleiðslueiningum samkvæmt búsvæðamati yrði skipt niður á einstakar jarðir og veiði undanfarinna ára skipt niður á einstaka veiðistaði og jarðir á félagssvæðinu.

Nokkur umræða var á fundinum um hvaða þættir séu lagðir til grundvallar við arðskrárgerð og spurðu nokkrir fundarmanna um einstök atriði og komu sjónarmiðum sínum á framfæri. Þá var upplýst að allt fram til síðasta mats hefðu einingar fyrir Litlu-Þverá verið sérgreindar og lýstu nokkrir fundarmanna óskum um að það yrði einnig gert í mati þessu, enda vilji veiðiréttareigendur sem land eigi að báðum ánum fá upplýst hve margar einingar þeir fái úr hvorri á.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn, en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent matsmönnum flest þeirra gagna fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

3. Vettvangsganga o.fl.

Miðvikudaginn 5. júní 2013 fóru matsmenn í vettvangsferð um það svæði sem til mats er undir leiðsögn formanns veiðifélagsins. Var í ferðinni rætt við þá veiðiréttareigendur sem óskuðu eftir að hitta matsmenn á tilgreindum stöðum við ána og voru aðstæður þá skoðaðar þar sérstaklega.

Í skýrslu Veiðimálastofnunar um búsvæðamat í vatnakerfi Þverár er staðháttum á vatnasvæðinu lýst. Þar kemur fram að Þverá fellur í Hvítá í Borgarfirði en ármótin eru skammt ofan ármóta Norðurár og Hvítár. Upptök Þverár eru á Tvídægri og Arnarvatnsheiði og skiptir áin um nöfn á leiðinni. Efsti hluti árinna er jafnan nefndur Kjarrá eða Kjarará, miðbik árinna Örnólfsdalsá og neðsti hlutinn Þverá. Fremstu drög árinna eru talin í Kvíslavatni nyrðra í 429 m hæð yfir sjávarmáli en í ármótum við Hvítá liggur Þverá í 12 m hæð yfir sjávarmáli. Heildarlengd Þverár er um 65 km. Hvergi á þeirri leið er hindrun fyrir lax og nýtist því allt þetta svæði til hrygningar, seiðaupveldis og veiða á laxi.

Margar ár og lækir falla í aðalána. Þeirra stærst er Litla-Þverá sem fellur í Þverá um 2 km neðan við bæinn Norðtungu. Heildarlengd Litlu-Þverár er um 30 km. Lengd fiskgenga hluta hennar er um 17 km og liggur hann á hæðarbilinu 30-120 m yfir sjó. Önnur stór hliðará er Lambá sem fellur í Kjarrá nokkuð ofan við Gilsbakkasel. Einnig má nefna Krókswatnsá og Langavatnaskvísl.

4. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélag Þverár í Borgarfirði. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 1339/2007, sem staðfest var af Landbúnaðarstofnun 3. desember 2007 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 16. janúar 2008. Kom sú samþykkt í stað eldri samþykktar nr. 295/2002.

Í 3. gr. samþykktarinnar kemur fram að félagsmenn séu allir þeir sem rétt eigi til veiði í Þverá (Stóru-Þverá), Örnólfsdalsá, Kjarrá, Litlu-Þverá, Krókswatnsá, Lambá og Langavatns- og Skjaldartjarnarkvíslum. Mörk félagssvæðisins að neðan eru þar sem straumlína Þverár sameinast straumlínu Hvítár og að ofan við upptök Skjaldartjarnarkvíslar og Langavatnaskvíslar, við Lambárfoss, við Krókswatnsárfoss og við Kambsfoss í Litlu-Þverá.

Samkvæmt 4. gr. er verkefni félagsins að gera lax- og silungsveiði sem arðbærasta á félagssvæðinu og viðhalda góðri fiskgengd á því, auk þess að stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu

og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá er félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Samkvæmt 6. gr. hefur stjórn félagsins á hendi allar framkvæmdir þess milli aðalfunda. Þá annast stjórnin útleigu ána til einstakra manna eða félaga að fengnu samþykki félagsfundar, þó aldrei fyrir lengri tíma í einu en 10 ár.

Í 11. gr. samþykktarinnar er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

5. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir

Samkvæmt samþykkt veiðifélagsins eiga eftirgreindar jarðir veiðirétt í ánum: Neðranes, Efranes, Kaðalstaðir I, Kaðalstaðir II, Lundar, Lundar II, Steinar, Gunnlaugsstaðir, Guðnabakki, Sleggjulækur, Ásbjarnarstaðir, Selhagi, Síðumúli, Reykholtskirkjuveiði, Sámsstaðir, Gilsbakki, Örnólfsdalur, Helgavatn, Norðtunga I, Norðtunga II, Arnbjargarlækur, Hjarðarholt, Bakkakot, Stafholtsveggir, Hamraendar, Högnastaðir, Kvíar I, Kvíar II, Hermundarstaðir, Lundur, Sigmundarstaðir, Grjót, Höfði og Hamar.

6. Rekstur veiðivatna

Veiðiréttindi veiðifélagsins hafa verið leigð út um árabíl. Er núgildandi leigusamningur frá 11. janúar 2012 og nær til árána 2013 til 2017. Er í honum kveðið á um leigu til einkahlutafélagsins Stara ehf. á öllum rétti til stangveiði á vatnasvæði veiðifélagsins, nánar tiltekið frá straummótum Þverár og Hvítár að kvíslamótum Langavatns- og Skjaldartjarnarkvísla, þaðan upp að samnefndum stöðuvötnum og Króksvatnsá og Lambá, svo langt sem þær séu laxgengar frá sjó. Enn fremur nái leigan til Litlu-Þverár að Kambsfossi. Þá falli veiðihús við Helgavatn og Víghól á veiðitímabili hvers árs leigutímans undir leigusamninginn.

Um nýtingu hins leigða segir í leigusamningnum að um sé að ræða rétt til stangveiði í 92 daga á ofangreindum svæðum á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 20. september ár hvert. Þó sé veiði í Litlu-Þverá eingöngu heimil í 77 daga á tímabilinu frá og með 1. júlí til og með 30. september. Frá og með 20. ágúst til og með 20. september miðist neðri mörk veiðisvæðanna við merki Kaðalsstaða og Efraness. Vegna veiði í Kjarrá er sérstaklega tekið fram að eftir 15. ágúst sé veiði óheimil ofan við Hornhyl. Leyfilegur stangafjöldi er 16 stangir, 7 í Þverá, 7 í Kjarrá og 2 í Litlu-Þverá. Auk þess eru 2 stangir á sérgreindu silungasvæði frá 20. ágúst til 20. september og nær svæðið frá merkjum Kaðalsstaða og Efraness niður að straummótum Þverár og Hvítár.

Leigutaki og leigusali skulu hafa samráð um seiðasleppingar samkvæmt ráðleggingum starfsmanna Veiðimálastofnunar. Lagfæring veiðistaða, farvega og núverandi veiðivega að vori og sumri skal vera í umsjá og á kostnað leigutaka.

Leigutaki skuldbindur sig til að greiða árlega fyrir hið leigða 111.700.000 krónur, en fjárhæðin breytist fyrir hvert árana 2013 til 2017 í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, miðað við grunnvísitölu 383,3 stig. Leigutaki hefur afnot af veiðihúsum, öllum tækjum og búnaði er leigusali leggur til en leigusali hefur afnotin utan veiðitímabils.

Samkvæmt ársreikningi veiðifélagsins voru leigutekjur 76.469.000 krónur árið 2010, 79.343.000 krónur árið 2011 og 83.529.600 krónur árið 2012. Útborgaður arður til félagsmanna árin 2010 og 2011 var 62 milljónir króna hvort ár, en 64 milljónir króna árið 2012.

7. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrá veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar í veiðifélaginu gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Bárust nefndinni bréf og frekari gögn frá nokkrum eigendum og verður hér á eftir vikið að helstu sjónarmiðum er þar koma fram.

7.1 Hamar

Af hálfu eigendanna er þeirri skoðun lýst að endurskoðun og/eða breytingar á arðskrá að þessu sinni eigi að einskorðast við ágreining eigenda Bakkakots og Kaðalstaða. Lögð sé rík áhersla á að í öndverðu, þegar Litlu-Þverá hafi orðið aðili að sameiginlegu veiðifélagi, hafi hlutur árinna verið ákveðinn sem þúsund eininga viðauki og séu ekki forsendur til að raska þeim grundvelli. Sömu leigutakar hafi verið að vatnasvæði Þverár um áratuga skeið og hafi þeir nýtt Litlu-Þverá sem frjálst svæði. Af þeim sökum hafi sóknin í Litlu-Þverá verið óveruleg en hins vegar hafi aðgengi að öðrum svæðum verið stórlega bætt. Vannýting árinna til stangveiði hafi hins vegar aukið við en ekki skert mikilvægi hennar til seiðauppeldis. Breytt nýting og stóraukin sókn í Litlu-Þverá, sem boðuð sé í nýjum leigusamningi, geti gefið tilefni til að auka hlutdeild árinna í arðskrá þar sem þessar breytingar feli í sér auknar tekjur sem eigendur Litlu-Þverár eigi að njóta umfram aðra.

7.2 Gilsbakki

Eigendur vísa til þess að um árabíl hafi veiði eftir miðjan ágúst verið bönnuð á fremsta hluta félagssvæðisins, sem tilheyri Gilsbakka, eða frá Dofinsfjallsenda (nú Hornhyl nr. 84) og fram úr. Verði að taka tillit til þessa við ákvörðun arðskrár. Einnig verði að líta til þess aðstöðumunar sem skapist vegna vegleysis, en það sé ákvörðun veiðifélagsins að ekki skuli gert greiðfært með ánni nema að Gilsbakkaseli. Þá verði einnig að hafa í huga að mörg undanfarin ár, að árinu 2012 þó undanskildu, hafi seiðum verið sleppt í árnar, bæði sjógönguseiðum í sleppitjarnir og sumaröldum seiðum. Hafi sjógönguseiðunum verið sleppt í allt að fjórar tjarnir á neðri hluta félagssvæðisins. Efsta tjörnin, sem hafi reyndar ekki alltaf verið notuð, sé á svokölluðum Skolladalseyrum, en þær séu neðarlega á því svæði sem tilheyri Kjarrá. Þekkt sé að lax af eldisuppruna á leið úr sjó syndi ekki upp alla á heldur einungis að sinni sleppitjörn, eða næsta nágrenni hennar. Sé því ljóst að Gilsbakki njóti einskis af seiðasleppingum þetta neðarlega í ánni en hafi þó greitt rúmlega 20% kostnaðar við þær.

Vakin sé athygli á því að allt frá árinu 2001 hafi einungis verið heimilt að veiða á flugu í Kjarrá en allt annað löglegt agn, svo sem maðkur og spónn, hafi verið leyft í Þverá og Litlu-Þverá til ársins 2005.

Eigendurnir benda á að hæpið hjóti að vera, þegar skipt sé sameiginlegum arði úr Litlu-Þverá og Þverá, að fyrir fram sé ákveðið að einum árhluta beri tiltekinn hlutur án tillits til þess hvað sá hluti leggi til, eins og áður muni hafa tíðkast um Litlu-Þverá. Hitt sé svo annað mál að telja verði eðlilegast að þeir veiðiréttarhafar sem hlut eigi í báðum ánum sjái hve margar einingar falli þeim í hlut úr hvorri á.

7.3 Arnbjargarlækur

Í bréfi eiganda er meðal annars vakin athygli á þeirri staðreynd að hlutur Arnbjargarlækjar í arðskrá hafi stöðugt farið minnkandi allt frá árinu 1945, en þá hafi jörðin fengið 900 einingar úr Þverá en 100 einingar úr Litlu-Þverá. Flokkist þessi breyting tæplega sem gamanmál í huga jarðareiganda.

7.4 Bakkakot

Eigandi jarðarinnar kveðst gera kröfu til þess að veiðiréttur úr veiðistöðum nr. 8, 9 og 9,5 verði áfram talinn tilheyra Bakkakoti að hluta, eins og ákveðið hafi verið í síðasta yfirmati. Sé í því sambandi vísað til þeirra sjónarmiða sem rakin séu í yfirmatinu að samkomulag hafi verið um að Bakkakot ætti hlutdeild í veiði úr þessum stöðum, enda hafi kvíslum verið lokað Bakkakotsmegin sem leitt hafi til aukins vatnsrennslis í farvegi þar sem veiðistaðirnir séu. Þar að auki sé allt aðgengi að þessum stöðum um Bakkakotsland.

Eftir að eigendum jarðarinnar voru kynnt sjónarmið sem fram komu í greinargerð eigenda Kaðalstaða til matsnefndar sendu þeir athugasemdir sínar vegna þessa í bréfi, dags. 1. mars 2013. Er þar ítrekuð sú krafa að viðhaldið verði þeirri skiptingu fyrir veiðistaði 8, 9 og 9,5, sem ákvörðuð hafi verið í yfirmatinu frá 2002. Kemur í bréfinu meðal annars fram að vegna framangreinds munnlegs samkomulags milli þáverandi eigenda jarðanna Kaðalstaða og Bakkakots hafi á þeim tíma ekkert frekar verið aðhafst af hálfu eigenda Bakkakots vegna framkvæmda eigenda Kaðalstaða við ána. Slíkt munnlegt samkomulag hafi fullt gildi að lögum. Yfirmatsnefndin hafi á sínum tíma komist að þeirri niðurstöðu að hafið væri yfir vafa að vatni hefði verið veitt frá landi Bakkakots yfir til Kaðalstaða og að með því hafi verið látin í té aðstaða sem með öðru hefði stuðlað að því að góðir veiðistaðir yrðu til eða efldust fyrir landi Kaðalstaða. Þeirri fullyrðingu eigenda Kaðalstaða sé alfarið hafnað að a.m.k. helmingur vatnsmagns renni aftur um kvíslina vestan Kasthólma og að því sé komið upp sama ástand varðandi rennsli og verið hafi fyrir 1980. Í þurrkum síðustu sumur megi heita að vestari kvíslin hafi nánast þurrkast upp á meðan meginstraumur árinna hafi farið um austari kvíslina. Til frekari sönnunar á þessu séu eigendurnir tilbúnir að fjármagna rennismælingu til að bera saman það vatnsmagn sem renni um kvíslarnar. Í lok greinargerðar sinnar lýsa eigendurnir því yfir að þeir séu reiðubúnir að viðhalda veiðistöðum í landi Kaðalstaða, t.d. með því að hefta rennsli um

kvíslina vestan Kasthólma, séu eigendur Kaðalstaða reiðubúnir til samninga þar um sem þjóni hagsmunum allra aðila.

Vegna þeirra sjónarmiða sem fram komu í viðbótargreinargerð eigenda Kaðalstaða I og II, dags. 18. mars 2013, ítreka eigendur framangreindar kröfur sínar og sjónarmið í bréfi, dags. 14. maí 2013. Kemur þar fram að ekkert hafi komið fram um að forsendur þeirrar arðskiptingar milli jarðanna úr veiðistöðum nr. 8, 9 og 9,5 sem ákveðin hafi verið í gildandi yfirmatsgerð hafi tekið breytingum. Kjarni málsins sé sá að framkvæmdir við dýpkun á kvísl í Þverá austan Kasthólma hafi farið fram án samþykkis þáverandi eigenda Bakkakots og að gerðar hafi verið athugasemdir við þær sem slíkar. Þá hafi þáverandi eigendur jarðanna gert með sér munnlegt samkomulag um að ef veiðistaður yrði til í kjölfar framkvæmdanna myndu báðar jarðirnar njóta góðs af. Þá sé á það bent, vegna tilvísana eigenda Kaðalstaða í skýrslu Veiðimálastofnunar frá ágúst 1980, að ekkert í skýrslunni gefi til kynna að þær framkvæmdir sem þar sé vísað til hafi verið unnar með leyfi þáverandi eigenda Bakkakots heldur komi þar einungis fram að við þá hafi verið rætt. Enda þótt talið yrði að þessar framkvæmdir Vegagerðarinnar, en ekki framkvæmdir þáverandi eigenda Kaðalstaða, hafi haft þau áhrif að vatni hafi verið veitt frá Bakkakoti til Kaðalstaða breyti það ekki því að af hálfu Bakkakots hafi verið látin í té aðstaða sem hafi stuðlað að núverandi ástandi. Beri matsnefndinni að taka tillit til þessa við arðskrármatið.

7.5 Kaðalstaðir I og II

Eigendur jarðanna kveðast mótmæla þeirri skiptingu á afla úr veiðistöðum nr. 8, 9 og 9,5 sem ákveðin hafi verið í gildandi yfirmati, en þá hafi Bakkakoti verið ákvörðuð 25% hlutdeild í veiði úr þessum veiðistöðum á þeirri forsendu að vatni hefði verið veitt frá landi Bakkakots yfir til Kaðalstaða. Ljóst sé að ekki hafi legið gildar ástæður fyrir framangreindri ákvörðun yfirmatsmanna á árinu 2002, en hvað sem því líði telji eigendurnir að tilgreindar forsendur séu ekki lengur fyrir hendi.

Krafa eigenda Bakkakots um hlutdeild í veiði úr hyljum fyrir landi Kaðalstaða hafi verið byggð á því að samkomulag hafi verið gert 1980 eða 1981 milli þáverandi eigenda Bakkakots og tveggja af þremur þáverandi eigendum Kaðalstaða. Hafi samkomulagið átt að vera til komið vegna dýpkunar Kaðalstaðamanna á kvísl Þverár sem renni austan svokallaðs Kasthólma, en þar með hafi aukið vatn verið flutt frá kvísl vestan hólman sem runnið hafi með landi Bakkakots. Samkvæmt þessu meinta samkomulagi hafi Bakkakot átt að fá hlutdeild í þeirri veiði ef nýir veiðihyljir mynduðust í landi Kaðalstaða vegna þessa. Þessu hafi eigendur Kaðalstaða mótmælt við meðferð matsmálsins 2000-2002 þar sem enginn annar en eigandi Bakkakots hafi kannast við að slíkt samkomulag hefði verið gert. Þrátt fyrir þessi mótmæli hafi yfirmatsnefndin í mati sínu 2002 úrskurðað á ofangreindan veg. Í þessu sambandi sé á það bent að á undanförunum mörgum árum hafi Þverá verið að færast til fyrir neðan Þverárbrú, þannig að nú renni a.m.k. helmingur vatnsmagnsins aftur um kvíslina vestan við Kasthólma og sé þá komið upp sama ástand varðandi rennslið og verið hafi fyrir 1980. Sé því augljóst að þær ástæður sem

yfirmatsnefnd hafi lagt til grundvallar ákvörðun sinni á árinu 2002 séu ekki lengur til staðar. Sé öllum hugsanlegum kröfum Bakkakots um hlutdeild í veiði úr hyljum Kaðalstaða mótmælt og réttur áskilinn til að leggja fram frekari rökstuðning vegna þessa.

Auk þessa telji eigendurnir eðlilegt að matsnefnd taki tillit til aukins ónæðis og álags á vegaslóða og veiðistaði jarða á svæðinu frá Steinhyl og niður í Ullarklöpp, sem hljótist af því að veiðifélagið hafi ákveðið að selja veiðileyfi fyrir silung frá 11. september til 10. október, þ.e. eftir lok laxveiðitímans.

Eftir að talsmanni eigendanna voru kynnt sjónarmið eigenda Bakkakots, um áframhaldandi hlutdeild þeirrar jarðar í veiðirétti í veiðistöðunum nr. 8, 9 og 9,5, sendi hann matsnefnd viðbótargreinargerð í bréfi, dags. 18. mars 2013. Eru þar ítrekuð fyrri mótmæli eigendanna við hlutdeild Bakkakots í veiðiréttinum. Bent er meðal annars á að ekkert liggi fyrir um hvenær hið meinta samkomulag teljist hafa verið gert. Þá hafi því ýmist verið haldið fram að það hafi náð til þáverandi veiðistaða eða nýrra veiðistaða sem kynnu að koma fram vegna breytinga á ánni. Vísað er og til skýrslu Veiðimálastofnunar frá því í ágúst 1980, sem ekki hafi verið eigendunum tiltæk þegar matsferlið vegna gildandi yfirmatsgerðar og undirmatsins þar á undan hafi staðið yfir á árunum 2000-2002. Komi þar fram sönnun fyrir því að Kaðalstaðafólk hafi ekki átt þátt í breytingum á Þverá fyrir neðan Lundahyl, hvorki í kringum árin 1980-81“ né í annan tíma, heldur hafi þar verið um að ræða framkvæmdir Vegagerðarinnar. Liggi og fyrir að Vegagerðin hafi skuldbundið sig gagnvart landeigendum til að halda báðum kvíslunum opnum. Sannað sé með samanburði á veiðikortum að engar breytingar hafi orðið á staðsetningu veiðistaða fyrir landi Kaðalstaða, a.m.k. frá árinu 1968, og standist ekki staðhæfingar eigenda Bakkakots um hið gagnstæða. Loks sé vakin athygli á því að eigendur Bakkakots hafi ekki gert tilkall til veiði úr hyljum Kaðalstaða við matsferlið 1990-1991, sem styðji þá að annað hvort hafi ekkert samkomulag verið gert eða samkomulagið hafi verið bundið við myndun nýrra hylja sem ekki hafi gengið eftir. Ljóst sé og að breytingar á ánni á undanförunum áratug kippi með öllu grundvelli undan þeirri skiptingu veiðiréttarins úr veiðistöðum Kaðalstaða sem ákveðin hafi verið í gildandi yfirmatsgerð.

7.6 Steinar

Af hálfu eigendanna er gerð athugasemd við þá niðurstöðu í gildandi yfirmati að veiðistaðirnir Klapparnes, Ólafshylur og Hólmastrengir, sem séu vestan við eyrarnar neðan Steinhyls, skuli allir hafa verið taldir Hjarðarholtsmegin eingöngu. Gerður hafi verið varnargarður við suðurkvísl árinna og henni veitt vestur fyrir og kvísl milli eyranna lokað í því skyni að auka veiði í framangreindum veiðistöðum. Í landamerkjabréfi fyrir Steina frá 1. maí 1890 sé skýrt tekið fram að Þverá ráði „að norðan, vestan, allt niður í Sandhólsstokk við Lundahyl“. Eigi jörðin allt land innan nefndra takmarka og alla veiði fyrir sínu landi lögum samkvæmt og sé því óeðlilegt að Steinar séu afskiptir vegna arðs úr umræddum veiðistöðum.

Í viðbótarbréfi til matsnefndar, dags. 27. apríl 2013, er af hálfu eigendanna vísað til þess að samkvæmt landamerkjabréfi Steina séu eingöngu Hesthólmi og Hjarðarholtshólmi

taldir eign Hjarðarholts. Hins vegar séu Hólmavatnshólmi og aðrar eyrar þar ekki tilgreindar, en áin kvíslist víða um þetta svæði. Einnig komi þar fram að Þverá skipti merkjum milli Hjarðarholts og Steina en hvergi komi þar fram að tilteknir hólmar skipti veiði.

7.7 Hjarðarholt

Eftir að eigendum Hjarðarholts höfðu verið kynnt fram komin sjónarmið eigenda Steina, um hlutdeild jarðarinnar í veiðistöðunum Klapparnesi, Ólafshyl og Hólmastrengjum, sendu þeir matsnefnd bréf, dags. 26. febrúar 2013, þar sem sjónarmiðum þessum er mótmælt. Kemur þar fram að veiðistaðir þessir hafi frá fornu fari tilheyrt Hjarðarholtslandi eingöngu. Skýrist það vafalaust af því að landið beggja vegna þeirra tilheyrir Hjarðarholti, þ.e. auk landsins norðan og vestan árinna (Efribugur og Skálabörð) tilheyrir Hjarðarholtshólmi og Hesthólmi jörðinni, en þeir séu austan við umrædda veiðistaði. Skipti syðri kvísl árinna því landi jarðanna tveggja. Varnargarður sá sem vitnað sé til í bréfi eigenda Steina hafi verið gerður með samþykki eigenda beggja jarðanna og hafi aldrei verið rætt um að hann myndi leiða til endurskoðunar á landamerkjum jarðanna eða veiðiréttindum. Engir veiðistaðir hafi verið í syðri kvíslinni og því hafi ekki verið um neina fórn að ræða við að stífla hana. Þessi varnargarður hafi hins vegar aldrei haldið, áin falli áfram um sinn fyrri farveg og þau áhrif sem menn hefðu vænst af garðinum hafi aldrei komið fram.

Fráleitt sé að tilefni séu til þess við arðskrárgerð nú að breyta landamerkjum eða eignarréttindum jarðanna, svo sem farið sé fram á í erindi eigenda Steina, og verði ekki séð að neinar þær forsendur séu til staðar nú sem réttlæti slíkt fremur en verið hafi undanfarna áratugi.

7.8 Kvíar I og II

Eigendur þessara jarða kveðast aðallega gera þá kröfu að samanlagður einingafjöldi fyrir Litlu-Þverá verði 1/11 hluti af heildarfjölda eininga samkvæmt arðskránni og innan þeirrar kröfu felist sú krafa að hlutdeild þeirra í einingafjölda samanborið við aðra veiðiréttareigendur við Litlu-Þverá verði aukin. Þessari kröfugerð til stuðnings sé vísað til þess að á stofnfundi Veiðifélags Þverár hinn 3. nóvember 1942 hafi stofnun félagsins verið ákveðin á þeim forsendum að arður hvorrar ár yrði metinn sérstaklega og skyldi arður vegna Þverár verða 10.000 einingar en arður vegna Litlu-Þverár 1.000 einingar. Beri að leggja stofnskjal veiðifélagsins hvað þetta varði til grundvallar við skiptingu eininga milli ána þannig að eigendur Litlu-Þverár fái í sinn hlut 1/11 hluta af heildinni. Breyti engu í þessu sambandi, og jafngildi á engan hátt samþykki, þótt ekki hafi verið gerðar athugasemdir við það í síðari arðskrármötum að vikið hafi verið frá þessari skiptingu, enda hafi stofnskjalið ekki verið aðgengilegt veiðiréttarhöfum við fyrri arðskrármöt.

Auk framangreinds sé augljóst af atvikum öllum að Litlu-Þverá hafi nokkra sérstöðu innan veiðifélagsins samanborið við Þverá. Þannig hafi allt frá stofnun veiðifélagsins verið sérstök veiðibók fyrir Litlu-Þverá, en ekki sé um slíkt að ræða t.d. í Lambá og Króksvatnsá. Veiðiástundun í ánni hafi verið lítil, sem að öllum líkindum hafi haft

neikvæð áhrif á veiðitölur, en hins vegar séu hrygningarskilyrði í ánni með því besta sem þekkist í laxveiðiám hérlendis. Loks sé rétt að hafa í huga að það virðist hafa haft meiri áhrif á Litlu-Þverá en Þverá/Kjarrá þegar bann hafi verið lagt við öðrum veiðiaðferðum en fluguveiði í ánum auk þess sem breytingar á útfalli Litlu-Þverár við ármót hennar og Þverár virðist hafa haft neikvæð áhrif á fiskgengd upp árnar.

Eigendurnir kveðast gera þá varakröfu að hlutdeild þeirra í einingafjölda verði aukin. Sé í því sambandi sérstaklega á því byggt að taka eigi aukið og réttmætara tillit til ólaxgengra svæða fyrir jörðum þeirra en gert hafi verið. Seiðum hafi verið sleppt þar um áraraddir og sé það skilningur þeirra að ekki sé fyrirhugað að breyta því. Seiðin hafi verið fengin úr hrygningarlaxi veiddum í fossi, sem og svæðum í næsta nágrenni. Því sé verið að lyfta hrygningarlaxi upp fyrir foss til þess að stækka verulega búsvæði, og þar með lífslíkur seiða. Aðgerð þessi nýtist því allri Litlu-Þverá ásamt neðri hluta Þverár, en ekki aðeins efstu svæðunum, eins og látið hafi verið í veðri vaka á fundi veiðiréttareigenda með matsnefnd. Þá beri að taka fullt og aukið tillit til búsvæðamats Litlu-Þverár og Þverár miðað við það sem gert hafi verið í síðustu mötum, en búsvæði fyrir bökkum jarðanna Kvía I og Kvía II séu ein þau bestu í ánum. Sé hvað þetta varði meðal annars vísað til skýrslunnar Vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 2011, samantekt um fiskirannsóknir.

Eigendurnir telji veiðibók ekki gefa rétta mynd af veiði fyrir bökkum jarðanna. Þannig sé þar ekki talinn með fiskur sem veiddur hafi verið í klak á svæðinu, en um hafi verið að ræða a.m.k. 67 fiska síðustu ár, sbr. fylgiskjalið Klakfiskataka úr Litlu-Þverá. Þó vanti inn í þá fiska sem teknir hafi verið í klak á árinu 2007. Þá megi ætla að fyrirsjáanlega aukin veiðistundun í Litlu-Þverá á komandi árum vegna breytts veiðifyrirkomulags muni skila sér í aukinni veiði, sem réttmætt sé og sanngjarnt að tekið verði tillit til.

7.10 Neðranes

Talsmaður eigendanna kveðst í greinargerð sinni gera þá kröfu vegna arðskrármatsins að tekið verði tillit til umfangsmikilla og nánar tilgreindra netaveiða sem stundaðar hafi verið frá jörðinni allt til 1918, en þá hafi Þverá verið leigð út til stangveiða til 25 ára. Sé ljóst að afar góð skilyrði séu til að stunda slíkar veiðar fyrir landi Neðraness og Hamraenda, enda fari allur fiskur sem gangi í ána um vatnasvæði þessara jarða. Veiðar þessar hafi alfarið lagst af við inngöngu í veiðifélagið og í staðinn komið arður frá félaginu vegna stangveiði í ánni. Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði beri við úthlutun arðs meðal annars að taka tillit til netaveiði. Það hafi verið gert í yfirmatinu sem tekið hafi gildi árið 2002 og sé þess krafist að það verði einnig gert nú.

Í yfirmatinu frá 2002 hafi verið miðað við að bakkalengd Neðraness væri 3.690 m og sé þess krafist að við það verði áfram miðað nema að sýnt verði fram á eitthvað annað og réttara gildi. Hins vegar liggi fyrir að útsend skrá veiðifélagsins yfir bakkalengdir byggist á gömlum gögnum sem óskað sé að leiðrétt verði.

Í gildi hafi verið friðun á ósasvæðinu við ármót Þverár og Hvítár. Áður hafi verið þarna veiðistaður, kallaður ýmist Ármót eða Brenna, en ekki hafi verið leyft að veiða þar

Þverármegin um langt skeið. Þarna hafi þó oft verið veitt á árum áður og hafi það þá verið gert Hvítármegin.

7.11 Skógarnes

Í tölvupósti, sem talsmaður eiganda Skógarness sendi til matsnefndar 13. september 2011, upplýsti hann að Skógarnes sé lögbýli sem hafi verið byggt út úr landi Efranness og samkvæmt mælingum Loftmynda ehf. sé lengd árbakka Þverár í landi Skógarness 2.191 m en í landi Efranness 2.276 m. Fylgdi tölvupóstinum uppdráttur er talsmaðurinn kvað sýna landamerki Skógarness og Efranness. Með bréfi, dags. 1. mars 2013, gerir talsmaðurinn frekari grein fyrir málinu. Kemur þar fram að eigandi Efranness hafi á sínum tíma skipt jörðinni í tvennt og selt annan helminginn, sem fengið hafi nafnið Skógarnes, með öllum réttindum og hlunnindum sem jörðinni fylgdu. Ekki sé deilt um landamerki milli núverandi eigenda og sé því ljóst hvaða árbakkar fylgi Skógarnesi. Eigandi Efranness hafi verið tregur til að semja um frágang veiðiréttarhlunnindanna, án þess þó að hafna því. Með bréfi, dags. 19. mars 2013, sendi talsmaðurinn ljósrit af fjórum þinglýstum afsölum sem gefin hafi verið út vegna Skógarness allt frá því eigandi Efranness seldi umrædda spildu úr þeirri jörð. Áréttar talsmaðurinn að í öllum afsölunum sé kveðið á um afsal „á öllu því er eigninni fylgi og fylgja ber þar með talin hlunnindi“.

7.12 Efranes

Eftir að talsmanni eiganda jarðarinnar hafði verið kynnt erindi eiganda Skógarness til matsnefndar og meðfylgjandi gögn sendi hann nefndinni bréf, dags. 7. maí 2013. Er þess þar aðallega krafist að málátilbúnaði eiganda Skógarness verði vísað frá nefndinni en til að vara að kröfugerð hans verði hafnað.

Eigandinn mótmælir því að hann hafi ráðstafað veiðihlunnindum frá jörð sinni Efranesi um leið og hann hafi skipt út landinu sem nú heiti Skógarnes. Ekkert segi um slíkt í stofnskjali um skiptinguna en þar segi m.a.: „Stærð lóðar er 176,86 ha eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti, sem hlotið hefur staðfestingu skipulagsyfirvalda, sbr. fylgiskjal. Landeigandi ráðstafar afnotarétti á landinu í samræmi við reglur og framkvæmd viðkomandi sveitarfélags þar um. Setning nánari skilmála er í höndum landeiganda.“ Í upphaflegu afsali um landið hafi verið tekið fram að landinu væri afsalað „ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber þ.m.t. hlunnindi“ en fylgifé hafi ekki nánar verið skilgreint. Þá hafi ekkert verið minnst á veiðiréttindi í skjalinu. Sama ákvæði hafi síðan komið fram orðrétt í öllum síðari afsölum um eignina. Skýrt hefði þurft að taka fram ef hlutdeild í veiðiréttindum hefði átt að fylgja. Sé því fráleitt að stofnast hafi óskipt sameign um veiðiréttindin sem fylgt hafi landi Efranness fyrir skiptinguna, eins og málflutningur eiganda Skógarness virðist miðast við, og sé því ekki um neitt við hann að semja í þeim efnum.

Aðalkrafan um frávísun frá matsnefndinni sé á því byggð að það falli utan verksviðs nefndarinnar að skera úr um hvort eigandi Skógarness eigi hlutdeild í veiðiréttindum er fylgt hafi Efranesi áður en Skógarnesi hafi verið skipt út úr þeirri jörð. Um sé að ræða ágreining um eignarréttindi en ekki ágreining um skiptingu milli sameigenda sem eigi

undir matsnefndina skv. 8. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Frávísunarkrafan sé einnig á því byggð að krafa eiganda Skógarness sé vanreifuð. Þannig hafi talsmaður Skógarness lagt fram gögn um meinta bakkalengd sem stafi alfarið frá honum sjálfum. Ekkert samráð hafi verið haft þar um við eiganda Efranness og sé því þegar af þeirri ástæðu ótækt að einhver niðurstaða um skiptingu veiðiréttinda verði reist á slíkum gögnum.

Verði ekki fallist á kröfuna um frávísun krefst eigandinn þess að kröfum eiganda Skógarness verði alfarið hafnað. Sé í því sambandi vísað til þess að eigandi Skógarness hafi ekki lagt fram nein gögn um að hann hafi eignast hlutdeild í umræddum veiðiréttindum heldur sé í því efni einungis byggt á röngum fullyrðingum um að réttindin hafi fylgt þegar jörðinni hafi verið skipt. Þá sé á það bent að enginn af fyrri eigendum Skógarness hafi haldið því fram að hlutdeild í veiðiréttindum hafi fylgt með þegar jörðinni hafi verið skipt.

8. Skipting arðs

8.1 Almennt

Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 skal við niðurbjörgun veiði eða úthlutun arðs af henni m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks. Þá er í 7. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá meginþætti sem taka skal tillit til við niðurbjörgun veiði eða úthlutun arðs af henni.

Samkvæmt 11. gr. samþykktar veiðifélagsins skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Gildandi arðskrá er yfirmatsgerð, dags. 31. maí 2002, þar sem 1.000 einingar komu til skipta. Í þessu mati er hins vegar hafður á sá háttur að 10.000 einingum er skipt milli veiðiréttarhafa. Í köflum 8.2 til 8.5 hér á eftir er greint frá niðurstöðu matsnefndar um það hvernig einingum skuli skipt milli einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Af hálfu eiganda jarðarinnar Skógarness, sem skipt var út úr landi jarðarinnar Efranness á árinu 2003, er því haldið fram að jörðinni beri veiðiréttur fyrir landi jarðarinnar, en hann hafi fylgt með við upphaflega sölu hennar á árinu 2004 og við síðari sölu, þar á meðal til núverandi eiganda. Af hálfu eiganda Efranness er þessari staðhæfingu mótmælt og á því byggt að ekkert komi fram í fyrirliggjandi eignarheimildum eða öðrum skjölum málsins um að hlutdeild í veiðiréttindum hafi fylgt með við útskiptingu og síðari sölu umræddrar spildu. Með hliðsjón af framangreindu, og þar sem ágreiningur um eignarréttindi fellur utan úrskurðarvalds matsnefndar, mun nefndin ekki taka afstöðu til þessa ágreiningsefnis en úthluta einingum sérstaklega vegna umræddrar spildu. Samkvæmt stofnskjali spildunnar og meðfylgjandi uppdrætti telst hún vera 176,86 ha að stærð. Verður af gögnum þessum og fyrirliggjandi mælitölum ráðið að innan marka spildunnar sé veiðistaðurinn Aðseturshylur og að bakkalengd hennar teljist vera 49 % af mældri bakkalengd Efranness. Verður einingum vegna spildunnar úthlutað með tilliti til þessa.

Engin efni þykja til að fallast á þau sjónarmið sem eigendur Kvía I og II og eigendur Hamars hafa sett fram um að matsnefnd beri nú að fylgja þeim sjónarmiðum sem á hafi verið byggt í fyrstu arðskrá við stofnun félagsins, að hlutur árinna yrði ákveðinn sem þúsund eininga viðauki við þær tíu þúsund einingar sem þá hafi verið úthlutað til veiðiréttareigenda við Þverá/Kjarrá. Liggur ekkert fyrir um að nokkur ákvörðun um slíka skiptingu hafi verið tekin af hálfu veiðifélagsins og getur frjálst mat matsnefndar að þessu leyti á engan hátt takmarkast af óljósum umræðum á stofnfundi félagsins. Verður því ekki byggt á slíkri skiptingu nú frekar en í síðustu arðskrá félagsins.

8.2 Aðstaða til netaveiði og stangveiði

Matsnefnd lítur til þess að réttur til netaveiði er jafngildur rétti til stangveiði. Telur nefndin að jarðir sem lagt hafi af rétt til netaveiði eigi að fá slíka aðstöðu metna til eininga í arðskrá svo fremi að hlutdeild viðkomandi jarðar í arðskrá vegna stangveiði komi þar ekki í staðinn. Við slíkt mat ber við það að miða að eigendur netaveiðiréttar séu, þrátt fyrir veiðibann, sem líkast settir og væru veiðarnar ekki bannaðar. Slíkt bann er sett með hagsmuni heildarinnar í huga, í því skyni að stuðla að aukinni laxgengd upp árnar og þá aukinni stangveiði á félagssvæðinu. Við mat á fjölda eininga sem úthlutað er fyrir aðstöðu til netaveiði verður ekki litið fram hjá því að verðmæti netafisks er nú margfalt minna en verðmæti fisks sem veiddur er á stöng. Þá verður einnig að hafa í huga þann kostnað sem hver veiðiréttareigandi yrði sjálfur að bera af slíkum veiðum.

Eigandi jarðarinnar Neðraness vísar til þess að jörðin hafi haft verulegar tekjur af netaveiði áður fyrr og að tillit hafi verið tekið til þess í gildandi yfirmati. Krefst hann þess að það verði einnig gert nú. Fyrir liggur að í gildandi arðskrá fengu nokkrar jarðir úthlutað einingum vegna aðstöðu til netaveiði. Þegar litið er til úthlutunar í arðskrá fyrir ára og annarra fyrirliggjandi gagna um netaveiði fyrri tíma, og jafnframt höfð í huga framangreind sjónarmið um stöðugt minnkandi verðmæti netalax í samanburði við lax veiddan á stöng, er það niðurstaða matsnefndar að taka beri tillit til framangreindrar aðstöðu með því að úthluta Neðranesi og Hamraendum 30 einingum til hvorrar jarðar fyrir sig.

Mat á aðstöðu til stangveiði er byggt á skilagreinum frá Veiðimálastofnun um skiptingu veiði í Þverá, Kjarrá og Litlu-Þverá á einstaka veiðistaði og í framhaldi af því á einstakar jarðir á árunum 2002 til 2012. Á framangreindu tímabili voru 24.368 laxar skráðir veiddir á merktum veiðistöðum. Á sama tímabili voru 1.156 silungar skráðir veiddir, þar af 831 á merktum veiðistöðum. Hver jörð nýtur þeirrar veiði sem skráð er fyrir landi hennar á framangreindu tímabili. Telur matsnefnd ekki unnt að víkja frá því viðmiði að horfa verði til fyrirliggjandi veiðitalna við ákvörðun eininga fyrir þennan viðmiðunarþátt þótt skiljanleg séu þau sjónarmið eigenda Kvía I og II að réttmætt væri og sanngjarnt að tekið yrði tillit til þess að fyrirsjáanleg sé aukin veiðiástundun í Litlu-Þverá á komandi árum vegna breytts veiðifyrirkomulags, sem væntanlega muni skila sér í aukinni veiði þar.

Eins og rakið hefur verið í köflum 7.4 og 7.5 hér að framan er uppi ágreiningur milli eigenda jarðanna Bakkakots og Kaðalstaða I og II um þá kröfu eigenda Bakkakots að

jörðinni verði í mati þessu ákvörðuð fjórðungs hlutdeild í veiðistöðunum nr. 8, 8,5 og 9 í landi Kaðalstaða I og II, eins og gert var í gildandi yfirmatsgerð. Byggja eigendurnir kröfu sína í fyrsta lagi á því að rennsli Þverár hafi verið breytt í kring um 1980 þannig að vatni hafi verið veitt frá landi Bakkakots og yfir til Kaðalstaða. Hafi þetta verið gert án samþykkis þáverandi eigenda Bakkakots, sem hafi þó ákveðið að aðhafast ekkert frekar á grundvelli munnlegs samkomulags milli eigenda jarðanna um að Bakkakot fengi hlutdeild í þeim veiðistöðum sem kynnu að myndast í kjölfar breytinganna.

Eftir að hafa skoðað aðstæður á vettvangi í fylgd fulltrúa eigenda beggja jarðanna, og að virtum málatilbúnaði og öðrum gögnum málsins, er það niðurstaða matsnefndar að engan veginn sé nægilega fram komið að Þverá hafi verið veitt úr farvegi sínum með þeim afleiðingum að fyrrgreindir veiðistaðir efldust fyrir landi Kaðalstaða. Þar sem ekkert liggur heldur fyrir sem staðfestir staðhæfingu eigenda Bakkakots um að samkomulag hafi verið gert um skiptingu arðshlutdeildar milli jarðanna vegna veiði í umræddum veiðistöðum verður að hafna kröfu eigenda Bakkakots um hlutdeild í umræddum hyljum Kaðalstaða. Með tilliti til framangreinds ágreinings telur matsnefnd rétt að taka fram að út á veiði í nefndum hyljum er úthlutað 514,5 einingum í mati þessu.

Eigendur Steina gera þá kröfu að þeir fái hlutdeild í veiðistöðunum Ólafshyl nr. 13, Klapparnesi nr. 14 og Hólmastrengjum nr. 15, sem í gildandi yfirmati eru taldir að fullu í eigu Hjarðarholts. Vísa þeir til þess að fyrir nokkrum árum hafi verið gerður varnargarður við suðurkvísl árinna og henni veitt vestur fyrir og kvísl milli eyranna lokað í því skyni að auka veiði í framangreindum veiðistöðum. Þessum sjónarmiðum hafa eigendur Hjarðarholts mótmælt á þeim forsendum að hólmanir austan nefndra veiðistaða, Hjarðarholtshólmi og Hesthólmi, tilheyri Hjarðarholtslandi og syðri kvísl árinna ráði því merkjum milli jarðanna. Þá liggi og fyrir að umræddur varnargarður hafi aldrei haldið og þau áhrif sem vænst hefði verið af garðinum aldrei komið fram. Því renni áin þar nú eftir sem áður um sinn fyrri farveg. Matsnefnd skoðaði aðstæður á vettvangi og leitaði þar eftir upplýsingum fulltrúa eigendanna. Verður af þeim upplýsingum og gögnum málsins ráðið að umræddir veiðistaðir liggi í nyrðri kvíslinni, við Hesthólma og Hjarðarholtshólma, sem óumdeilt er að tilheyri Hjarðarholti. Með hliðsjón af því, og þar sem ekkert hefur komið fram sem rennir stöðum undir staðhæfingar eigenda Steina um að umræddur varnargarður hafi með einhverjum hætti leitt til veiðiaukningar í hyljunum þremur, er kröfu eigendanna um hlutdeild í þeim hafnað.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 4.550 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í laxveiði. Þá er það niðurstaða nefndarinnar að hæfilegt sé að skipta 80 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í silungsveiði.

8.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Fyrir matsnefnd liggur bakkalengdarmæling sem notuð hefur verið við síðustu arðskrár veiðifélagsins. Ekki hafa komið fram aðrar athugasemdir veiðiréttareigenda við þá mælingu en að eigandi Neðraness heldur því fram að bakki jarðarinnar sé 3.690 m, eða

120 m lengri en fyrrnefnd bakkalengdarmæling sýnir. Var í gildandi yfirmati fallist á þessa mælingu eigandans og verður það einnig gert nú.

Við mat á vægi landlengdar er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Að baki því liggur sú hugsun að úthlutun eininga fyrir landlengd sé endurgjald fyrir það vatnasvæði sem markar lífsrými lax og silungs. Hefur mikið vatnsmagn á neðri hluta vatnasvæðis óhjákvæmilega mikið gildi að þessu leyti, jafnframt því sem gildi lækja og efstu draga veiðiár er að sama skapi almennt lítið í þessu tilliti og stundum ekkert. Þá er hvað þetta varðar einnig horft til aðgengis að veiðistöðum og til verðmætasköpunar einstakra svæða.

Að virtum framangreindum sjónarmiðum er vægi bakka á vatnasvæði Þverár ákvarðað með eftirgreindum hætti: Bakkar frá ósi í Hvítá að ármótum við Litlu-Þverá fá vægið 1, bakkar Litlu-Þverár að Kambsfossi fá vægið 0,5, bakkar Þverár frá ármótum við Litlu-Þverá að neðsta Rangárgili fá vægið 0,9, bakkar þaðan og 6 km upp fyrir Silungalæk fá vægið 0,8, bakkar þaðan og upp að Lambá fá vægið 0,6, bakkar þaðan að Króksvatnsá fá vægið 0,3 og bakkar Kjarrár ofan Króksvatnsár fá vægið 0,1. Bakkar Lambár fá vægið 0,1, bakkar Skjaldartjarnarkvíslar og Langavatnaskvíslar fá vægið 0,05.

Niðurstæða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.910 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd vatnasvæðisins.

8.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra. Við arðskrármót síðari ára hefur yfirleitt, að meira eða minna leyti, verið stuðst við búsvæðamat sérfræðinga varðandi þennan þátt matsins, séu slíkar skýrslur fyrirbyggjandi. Við mat þessa þáttar nú leggur matsnefnd til grundvallar skýrslu Veiðimálastofnunar frá árinu 2000 um búsvæðamat í vatnakerfi Þverár í Borgarfirði. Í búsvæðamatinu kemur fram að fiskgengum hlutum Þverár, Kjarrár og Litlu-Þverár hafi verið skipt í 15 einsleita kafla með tilliti til botngerðar og rennslishátta. Þar af hafi Þverá og Kjarrá verið skipt í 12 kafla og Litlu-Þverá í 3 kafla. Hafi hverjum kafla verið reiknaðar svokallaðar framleiðslueiningar en fjöldi þeirra taki mið af gæðum búsvæða og flatarmáli. Voru á hverjum kafla tekin þversnið yfir ána en fjöldi sniða réðst af lengd viðkomandi kafla. Mælt var dýpi og breidd árinna jafnframt því sem skráð var GPS-gildi sniðsins og hæð yfir sjávarmáli. Botnefnum var skipt í fimm flokka eftir kornastærð (þvermáli) og meðalskipting kornastærðar á kaflanum fundin út með tilteknum hætti. Þá var hverjum flokki gefið svokallað botngildi eftir því hversu heppileg botngerðin telst til uppeldis seiða. Tekið er fram að kjörskilyrði fyrir laxaseiði sé botn sem sé sambland af mól, smágrýti og stórgrýti.

Steinarnir veiti seiðum fylgsni, var fyrir straumi, og séu jafnframt bústaður fæðudýra er seiðin lifi á. Grýtt brot í ánum séu því hentugustu búsvæðin. Hins vegar séu lygn svæði í ám þar sem botngerðin einkennist af sandi eða leirbotni rýr til uppeldis og svipað gildi um klapparbotn þar sem ekkert skjól sé til staðar. Með því að margfalda saman meðalskiptingu kornastærðarinnar og botngildi viðkomandi kornastærðar fundu sérfræðingarnir síðan út framleiðslugildi hvers svæðis og loks fjölda svokallaðra framleiðslueininga. Er ljóst að uppeldis- og hrygningarskilyrði eru afar misjöfn, en hæst framleiðslugildi fá kaflar nr. III (Langavatnaskvísl) og XIV (Litlahamarshylur-Urðarhylur í Litlu-Þverá), en lægst fá kaflar nr. XII (neðsti hluti Þverár) og XV (neðsti hluti Litlu-Þverár).

Fyrir liggur skilagrein frá Veiðimálastofnun um það hvernig framleiðslueiningar skiptast á einstakar jarðir á vatnasvæði Þverár. Kemur þar fram að heildarfjöldi framleiðslueininga í búsvæðamatinu frá 2000 hafi reiknast alls 54.342 einingar. Einnig kemur fram að við skiptingu einstakra búsvæðakafla hafi ekki verið unnt að nota rafræn hnit á landamerkjum jarða. Þá hafi verið notast við eldri mælingar á bakkalengd en ekki sé vitað hvaða aðferðir hafi verið notaðar við þær mælingar. Valdi þessi nálgun skekkju sem geti komið fram við útreikninga. Sé eindregið mælt með því að landamerki jarða séu hnitsett hið fyrsta og að bakkalengdir jarða verði endurmældar í kjölfarið. Með rafrænum kortagrunnum sé auðvelt að mæla vegalengdir af mikilli nákvæmni á auðveldan og fljótlegan hátt og tryggja það meiri nákvæmni við mat búsvæða, sem skipti máli þegar verið sé að nota útreikninga á bakkalengd við skiptingu á verðmætum hlunnindum jarðeigenda.

Niðurstaða matsmanna er að hæfilegt sé að skipta 2.400 einingum milli veiðiréttareigenda vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða. Þessum einingum er skipt milli jarða á grundvelli framangreindrar skilagreinar Veiðimálastofnunar.

8.5 Aðrir þættir

Eigandi jarðarinnar Neðraness heldur því fram að í gildi hafi verið veiðibann á mótum Þverár og Hvítár. Vegna þessarar fullyrðingar veiðiréttareigandans var veiðifélaginu gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Í bréfi veiðifélagsins kemur fram að ósasvæði séu ekki friðuð í gildandi leigusamningi og að veiðifélagið hafi ekki beitt friðun umfram landslög. Samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, sem giltu til ársins 2006, var óheimilt að veiða fisk í ósum í ár og 100 m upp frá slíkum ósum eða 250 m niður frá þeim, en með lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 var bann þetta afnumið. Með hliðsjón af þessu, yfirlýsingu veiðifélagsins og einnig því að matsnefnd hefur úthlutað sérstökum einingum vegna banns við netaveiði fyrir landi jarða á ósasvæðinu, er kröfu um sérstakar einingar út á meint bann hafnað.

Á sama hátt heldur eigandi Gilsbakka því fram að samkvæmt ákvörðun veiðifélagsins sé á haustin í gildi veiðibann á efsta veiðisvæðinu, fyrir landi Gilsbakka, í því skyni að auka hrygningu í ánni. Niðurstaða matsnefndar er sú að þar sem friðunaraðgerðum þessum

sýnist fyrst og fremst ætlað að auka veiði í landi Gilsbakka verður ekki fallist á að úthluta einingum sérstaklega út á þessa friðun.

Eigandi Gilsbakka telur að taka verði tillit til þess að Gilsbakki njóti einskis af seiðasleppingum neðar í Kjarrá og Þverá en hafi þó greitt rúmlega 20% kostnaðar við þær. Enda þótt fallist sé á að staðsetning sleppitjarna geti valdið aukningu á veiði í nágrenni þeirra verður að horfa til þess að ákvörðun um staðsetningu er almennt tekin í því skyni að auka verðmæti árinna í heild. Enda þótt eigandi Gilsbakka njóti ekki beint aukinnar veiði vegna þessara sleppinga nýtur hann hins óbeina hags á sama hátt og aðrir félagsmenn. Telur matsnefnd ekki efni til að taka tillit til framangreinds við skiptingu arðs í mati þessu.

Eigendur Kvía I og II telja að við úthlutun arðs beri að taka aukið og réttmætara tillit en gert hafi verið til ólaxgengs svæðis fyrir jörðum þeirra, ofan Kambsfoss í Litlu-Þverá. Seiðum hafi verið sleppt þar um áratu og sé það skilningur þeirra að ekki sé fyrirhugað að breyta því. Samkvæmt upplýsingum frá formanni veiðifélagsins var um nokkurra ára skeið sleppt pokaseiðum á umrætt svæði í Litlu-Þverá og hafi það síðast verið gert vorið 2009. Ekkert liggur fyrir um það hvort veiðifélagið hyggst óska heimildar landeigenda fyrir frekari seiðasleppingum þarna á næstu árum en verði framhald þar á telur matsnefnd, sérstaklega með tilliti til þess að samkvæmt samþykktum veiðifélagsins liggur þessi kafli Litlu-Þverár utan marka félagssvæðisins, að ákvarða verði þóknun fyrir þau afnot með öðrum hætti en með úthlutun eininga í arðskrá. Með hliðsjón af framangreindu verður kröfu eigendanna þar um því hafnað.

Þau sjónarmið hafa verið reifuð að taka beri tillit til mismunandi aðgengis að veiðistöðum. Sumir landeigendur þurfi að þola mikinn ágang vegna umferðar án þess að fá sérstaka umbun fyrir, meðan aðrir njóti arðs en leggi enga aðstöðu til varðandi aðgengi. Þá geti mjög lélegt vegasamband hamlað aðgengi að einstökum stöðum og orsakað minni veiði en ella. Ýmis rök mæla gegn því að verða við kröfum af þessu tagi og hefur þeim ávallt verið hafnað í fyrri mötum matsnefndar og verður það einnig gert í mati þessu.

Varðandi þær ábendingar eiganda Gilsbakka að frá og með árinu 2001 hafi einungis verið heimilt að veiða á flugu í Kjarrá en allt annað löglegt agn, svo sem maðkur og spónn, leyft í Þverá og Litlu-Þverá til ársins 2005, tekur matsnefnd fram að ekkert verði með óbyggjandi hætti ráðið af gögnum hvort, og þá í hvaða mæli, þetta hafi orðið Gilsbakka og öðrum veiðiréttareigendum við Kjarrá til tjóns. Verður það því ekki látið hafa nein áhrif við úthlutun arðs í mati þessu.

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá þessari, umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum og niðurstöðum, er hafnað.

8.6 Sundurliðun á úthlutun eininga

Þverá / Kjarrá	landlengd	búsvæði	stangveiði	netaveiði
Neðranes	96,3	46,6	33,5	30,0
Efranes	51,9	26,3	3,5	
Efranes/Skóganes ágreiningsland	49,8	25,3	0,6	
Kaðalstaðir I og Kaðalstaðir II	85,6	19,4	514,5	
Lundar og Lundar II	18,5	9,7	19,2	
Steinar	155,0	95,0	129,4	
Guðnabakki	78,1	60,5	246,5	
Gunnlaugsstaðir	44,0	25,4	170,9	
Sleggjulækur	39,2	32,7	55	
Ásbjarnarstaðir	65,1	48,4	78,5	
Selhagi	50,7	40,2	86,7	
Síðumúli	142,4	126,6	355,4	
Sámsstaðir	196,3	202,8	764,6	
Gilsbakki	472,2	724,6	919,6	
Reykholtskirkjuveiði	92,8	80,3	239	
Örnólfsdalur	129,4	105,5	187,3	
Helgavatn	23,5	15,9	33,2	
Norðtungu	172,8	102,7	218,6	
Norðtungu II	27,4	21,4	46,8	
Arnbjargarlækur	121,7	91,9	290	
Hjarðarholt	109,1	56,6	104,1	
Bakkakot	96,1	46,4	12,2	
Stafholtsveggir	26,1	12,9	0,5	
Hamraendar	131,8	56,8	34	30,0
Litla - Þverá				
Arnbjargarlækur	6,0	3,1	1,6	
Hamar	27,4	15,0	0,2	
Höfði	44,7	25,7	5,7	
Grjót	57,3	39,0	14,5	
Sigmundarstaðir	27,1	18,7	6,5	
Lundur	10,8	12,9	0	
Hermundarstaðir	43,9	48,6	14,6	
Kvíar I og Kvíar II	95,1	88,6	28,3	
Helgavatn	37,4	25,5	5,3	
Högnastaðir	37,0	21,7	7,4	
Norðtungu	47,5	27,3	2,3	
Samtals	2.910	2.400	4.630	60

9. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af matsgerð þessari, 4.679.665 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Þverár í Borgarfirði og rennur hann í ríkissjóð.

Arðskrá þessi tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012.

Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veðifélag Þverár í Borgarfirði skal vera sem hér greinir:

	Einingar
Neðranes	206,4
Efranes	81,7
Efranes/Skóganes ágreiningsland	75,7
Kaðalstaðir I og Kaðalstaðir II	619,5
Lundar og Lundar II	47,4
Steinar	379,4
Guðnabakki	385,1
Gunnlaugsstaðir	240,3
Sleggjulækur	126,9
Ásbjarnarstaðir	192,0
Selhagi	177,6
Síðumúli	624,4
Sámsstaðir	1.163,7
Gilbakki	2.116,4
Reykholtskirkjuveiði	412,1
Örnólfsdalur	422,2
Helgavatn	140,8
Norðtungu	571,2
Norðtungu II	95,6
Arnbjargarlækur	514,3
Hjarðarholt	269,8
Bakkakot	154,7
Stafholtsveggir	39,5
Hamraendar	252,6
Högnastaðir	66,1
Kvíar I og Kvíar II	212,0
Hermundarstaðir	107,1
Lundur	23,7
Sigmundarstaðir	52,3
Grjót	110,8
Höfði	76,1
Hamar	42,6

Samtals 10.000

Reykjavík 23. ágúst 2013

Hulda Rós Rúriksdóttir
sign

Ásgeir Magnússon
sign

Magnús Ólafsson
sign

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um veiði

1. Skilagrein um skiptingu urriða- og bleikjuveiði í Þverá, Kjarará og Litlu-Þverá eftir veiðistöðum á tímabilinu 2003-2012.
2. Skilagrein um skiptingu laxveiði í Þverá, Kjarará og Litlu-Þverá á milli jarða 2002-2012.

B. Gögn um land og búsvæði

1. Búsvæðamat í vatnakerfi Þverár í Borgarfirði, Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Þórólfur Antonsson árið 2000.
2. Vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 2010, samantekt um fiskirannsóknir, Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Guðni Guðbergsson.
3. Vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 2011, samantekt um fiskirannsóknir, Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Guðni Guðbergsson.
4. Fiskirannsóknir á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði árið 2012, Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Guðni Guðbergsson.
5. Skilagrein um skiptingu framleiðslueininga milli jarða vegna búsvæðamats í straumvatni á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði, Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir.
6. Skilagrein um árangur gönguseiðasleppinga á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði árin 2000-2012, Sigurður Már Einarsson í maí 2013.
5. Bakkalengdarmæling.
6. Veiðikort.
7. Samningar um leigu veiðiréttinda, dags. í apríl 2004 og 11. janúar 2012.

C. Arðskrár

1. Arðskrá fyrir Veiðifélag Þverár árið 2000 (undirmat).
2. Yfirmatsgerð dags. 31. maí 2002.

D. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf lögmanns eigenda Hamars í Þverárhlið, dags. 15. nóvember 2012.
2. Bréf eigenda Gilsbakka, dags. 11. nóvember 2012.
3. Bréf eiganda Arnbjargarlækjar, dags. 13. nóvember 2012 ásamt yfirliti yfir skiptingu arðs á milli landeigenda frá árinu 1940.
4. Bréf eiganda Bakkakots, dags. 13. nóvember 2012.
5. Bréf eigenda Kaðalstaða I og II, dags. 12. nóvember 2012.
6. Bréf eigenda Steina, dags. 7. nóvember 2012.
7. Frá eiganda Skógarness:
 - Tölvupóstur lögmanns eigenda Skógarness hinn 13. september 2012.
 - Bréf dags. 1. mars 2013.
 - Bréf dags. 19. mars 2013 ásamt afriti af 4 afsölum um land Skógarness.
 - Stofnskjal vegna Skógarness, dags. 17. nóvember 2003.
 - Kort af skiptingu á landi Efranness I / Efranness II, gert í október 2002.
8. Bréf eigenda Kvía I og Kvía II, dags. 3. desember 2012, ásamt eftirtöldum fylgiskjölum:
 - Afriti stofnfundargerðar Veiðifélags Þverár frá 3. nóvember 1942.
 - Samantekt stöðvarstjóra fiskeldisstöðvarinnar Laxeyrar, dags. 28. nóvember 2012, vegna klakfiskatöku úr Litlu-Þverá.
 - Skjal um einingafjölda og kvittanir frá árinu 1945.
 - Skjal um einingafjölda og kvittanir frá árinu 1966.
 - Fundargerð veiðifélagsfundar Veiðifélags Þverár 9. september 2012.
9. Bréf eigenda Neðraness, dags. 4. desember 2012, ásamt fylgiskjölum:
 - Kafli úr ævisögu Helga Einarssonar frá Neðranesi.
 - Afrit yfirlýsingar Edwards Runólfssonar.
 - Afrit leigusamnings eigenda Þverár til Edwards Runólfssona, dags. 16. febrúar 1918.
 - Tillaga um arðskrá fyrir Veiðifélag Þverár 1967.
 - Mynd af ármótum Hvítár og Þverár í Borgarfirði
10. Bréf eigenda Hjarðarholts, dags. 26. febrúar 2013.

11. Bréf eiganda Bakkakots, dags. 1. mars 2013.
12. Greinargerð eigenda Kaðalstaða I og Kaðalstaða II, dags. 18. mars 2013, ásamt fylgiskjöllum:
 - Bréfaskipti vegna matsskrár 2000/2002 sem til er vísað í greinargerð.
 - Bréf Kristjáns F. Axelssonar, dags. 26. júní 2000.
 - Bréf Þórunnar Eiríksdóttur, dags. 30. nóvember 2000.
 - Bréf yfirmatsmanna, dags. 15. apríl 2002.
 - Bréf Bjarna Þórs Óskarssonar hrl., talsmanns Kaðalstaða, dags. 27. maí 2012.
 - Umsögn um framkvæmdir Vegagerðarinnar í Þverá 1980, Veiðimálastofnun, ágúst 1980.
 - Veidikort af Þverá, Stangveiðifélag Borgarness 1968.
 - Afrit af yfirmati frá 1991.
13. Greinargerð eiganda Bakkakots, dags. 18. mars 2013.
14. Bréf lögmanns eiganda Efranness, dags. 7. maí 2013.
15. Bréf eiganda Bakkakots, dags. 14. maí 2013.

E. Bréf, fundargerðir, samþykktir o.fl.

1. Bréf formanns Veiðifélags Þverár, dags. 10. apríl 2011. Beiðni um arðskrá.
2. Bréf matsnefndar til Veiðifélags Þverár, dags. 29. ágúst 2011. Tilkynning um frestun fyrirtöku máls.
3. Bréf matsnefndar til Veiðifélags Þverár, dags. 10. september 2012. Beiðni um boðun fundar.
4. Bréf matsnefndar til Veiðifélags Þverár, dags. 10. september 2012. Beiðni um gögn.
5. Bréf matsnefndar til veiðiréttareigenda, dags. 13. október 2012. Frestur vegna greinargerða.
6. Samþykkt fyrir Veiðifélag Þverár.
7. Rekstrarreikningur Veiðifélags Þverár 2009, 2010, 2011 og 2012.
8. Listi frá formanni Veiðifélags Þverár yfir landeigendur í félaginu.